



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

645. stjórnarfundur þriðjudaginn 7. október 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Örn Arnarson og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Jónína Steinunn Helgadóttir, Guðmundur Steinarsson, Stefán Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Taekwondodeild Keflavíkur með innilegum þökkum fyrir aðstoð við kaup á keppniskerfi.

3. Send bréf

Engin send bréf.

4. Fundur með Kadeco og skotdeild Keflavíkur

Framkvæmdastjóri Keflavíkur fór ásamt Bjarna formanni skotdeildar á fund með Kadeco til að ræða áframhaldandi leigu á landi sem skotdeildin hefur til umráða. Samningurinn rennur út eftir nokkur ár og er vilji hjá báðum aðilum að framlengja samningnum til ca. ársins 2040. Pálmi hjá Kadeco ætlar að búa til samning og senda á aðalstjórn.

5. Keflavíkurmessa

Keflavíkurmessa var haldin sunnudaginn 28. september kl 20:00. Frábær mæting og skemmtileg messa. Gaman að sjá hvað margir mættu í K-fatnaði. Aðalstjórn Keflavíkur vill þakka starfsfólki Keflavíkurkirkju fyrir flotta messu.

6. Íþróttahúsið við Sunnubraut

Mánudaginn 29. september áttu formaður og framkvæmdastjóri góðan fund með oddvitum meirihlutans í Reykjanesbæ þeim Guðný Birnu, Valgerði og Halldóru Fríðu (sem var í símasambandi) vegna hugsanlegrar yfirtöku á rekstri íþróttahússins. Þessi fundur gekk vel og í sameiningu var ákveðið að heyrast aftur eftir tvær vikur.

7. Agavandamál barna

Upp hafa komið nokkur mál varðandi agavandamál barna sem eru að æfa hjá félaginu. Framkvæmdastjóri upplýsti aðalstjórn um stöðuna og næstu skref.

8. Þorablót Keflavíkur

Þorablótsnefnd óskar eftir að fá að gera samning við Exton til þriggja ára um að þeir komi að blótinu næstu 3 árin. Aðalstjórn samþykkir.

Aðalstjórn er að skoða kaup á sirka 80 borðum og 850 stólum.

9. Skuldir deilda

Framkvæmdastjóri kom með yfirlit yfir gömul lán deilda við aðalstjórn. Aðalstjórn ákvað að styrkja deildirnar vegna eldri lána.

10. Önnur mál

- A. Keflavík í Bestu deild karla 2026. Innilegar hamingjuóskir, allir spenntir fyrir næsta tímabili.
- B. Fatnaður stjórnar, ákveðið að kaupa léttar úlpur.
- C. Skatturinn sendi fyrirspurn um greiðslur og hlunnindi til íþróttamanna. Unnið er að málinu í samráði við leikmannasamtök í körfuknattleik og knattspyrnu.
- D. Mæting stjórnarfólks á viðburði félagsins. Allir að gera sitt besta til að mæta eða láta vita ef viðkomandi kemst ekki.
- E. Fræðsludagurinn verður 29. október frá kl. 17-19. Framkvæmdastjóri sendir dagskrá á allar stjórnir og þjálfara á morgun. Gefa þarf frí á öllum æfingum félagsins á þessum tíma. Framkvæmdastjóri sendir út QR kóða fyrir skráningu en það er skyldumæting á fundinn.
- F. Fimleikahúsið, gler uppi. Þarf að laga það. Framkvæmdastjóri fer í málið.
- G. Stefna félagsins, hvernig félag viljum við vera. Ákveðið að framkvæmdastjóri leiði frumvinnu að stefnu með deildunum og hafi íþróttastjóra og fjármálastjóra með í þeirri vinnu. Framkvæmdastjóra falið að gera svót greiningu með deildum. Sú vinna verður grunnur að gerð stefnu félagsins og framtíðarsýnar.
- H. Háttvísi stuðningsfólks. Hvetja alla Keflvíkings til að hvetja sitt lið og sleppa því að vera með niðrandi köll til annarra. Fer inn í vinnu við stefnumótun. Umræða um gæslu uppi á körfuboltaleikjum, hafa þarf hemil á ungum börnum. Framkvæmdastjóra falið að ræða gæslu við körfuknattleiksdeild.
- I. Aðalstjórn ákvað að veita knattspyrnudeild lán sem verður greitt með afreksstyrk í 10 mánuði.

Fundi lokið kl. 18:20.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 21. október kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.